

Fundargerð 79. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 26. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundir stjórnar samtakanna með hagaðilum - 2502003SK

Á seinasta fundi stjórnar var samþykkt að óska eftir samtali við fulltrúa Umhverfis- og orkustofnunar til að ræða úrbætur í orkumálum. Gestur Pétursson forstjóri Umhverfis- og orkustofnunar kom inn á fundinn undir þessum lið ásamt Hönnu Björgu Konráðsdóttur, Axel Michelsen, Jón Ásgeiri Haukdal Þorvaldssyni og Sigurði Friðleifssyni starfsfólki stofnunarinnar.

Fulltrúar samtakanna gerðu grein fyrir verkefnum vetrarins, þar sem sérstaklega var fjallað um raforkuöryggi með áherslu á afhendingu og verðlag raforku. Fram kom að umgjörðin utan um núverandi niðurgreiðslukerfi sé barns síns tíma og ófullnægjandi og var ítrekað mikilvægi þess að breyta því kerfi. Lagði stjórn áherslu á að mikilvægt sé að fara strax í að bæta verklag og endurskoða umgjörðina í samræmi við nýjar aðstæður. Á sama tíma er mikilvægt að skoða hvað hægt sé að gera á hverju svæði til að tryggja sjálfbærni og stöðugleika í orkuframleiðslu. Jafnframt var komið inn á niðurgreiðslur til sveitarfélaga og hvaða möguleikar eru til staðar hvað það varðar.

Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust þar sem ýmsar hugmyndir voru settar fram um hvernig hægt sé að bæta núverandi kerfi til að auka skilvirkni og raforkuöryggi.

Í lok fundar var ákveðið að samtökin fundi aftur með Umhverfis- og orkustofnun í vor til að fylgja málum eftir.

Í lok fundar þakkaði formaður fulltrúum Umhverfis- og orkustofnunar fyrir góðan og gagnlegan fund.

Fundi var slitið kl. 09:00